

## Starfs- og rekstraráætlun 2026

Á árinu 2026 verður áfram unnið markvisst hjá Textílmíðstöðinni samkvæmt samningi Textílmíðstöðvar Íslands og Þekkingarseturs á Blönduósi við ráðuneyti menningar- nýsköpunar og háskóla Textílmíðstöðvarinnar við ráðuneytið;

- efla nýsköpunar-,rannsókn- og frumkvöðlastarf á sérsviði félagsins.
- stuðla að auknum rannsóknum og styðja einkum við rannsakendur sem starfa á sviði textíls.
- hækka menntunarstig á starfssvæði og á sérsviði Textílmíðstöðvarinnar með því að bæta aðgengi að háskólanámi með áherslu á textíl og stuðla að fjölbreyttu námsumhverfi.

### Nýsköpun

Hjá Textílmíðstöðinni er aðstaða fyrir frumkvöðla, þeir hafa aðgengi að tækjakosti og sérþekkingu á sviði textíl og fá aðstoð við að þróa hugmyndir sínar. Textílmíðstöð er leiðandi í nýsköpunarstarfi á sérsviði sínu og tekur þátt mótun nýsköpunarumhverfis og frumkvöðlastarfs.

Textílmíðstöð stendur fyrir viðburðum tengdum nýsköpun og aðgengi að nýrri tækni og þekkingu.

Aðstaða er fyrir frumkvöðla, nema í hönnun, fyrirtæki o.fl. til að læra nýja tækni og aðferðir og byggja upp þekkingu til að efla rannsóknir og vinna að vörubróun í textíl.

Textílmíðstöðin stuðlar að og hvetur til nýsköpunar með verkefnum, fræðslu, viðburðum og öflugum samstarfi í tengslum við textíl með áherslu á íslensk hráefni, umhverfismál, sjálfbærni og endurvinnslu.

Áhersla er lögð á samstarf við fyrirtæki á sérsviði textíls til þátttöku í nýsköpunarverkefnum.

### Rannsóknir

Textílmíðstöð veitir aðstöðu og tekur á mót í háskólanemum, starfsfólki rannsóknarstofnana.

Með þátttöku í innlendum og alþjóðlegum þróunar og rannsóknarverkefnum er lögð áhersla á að byggja upp mikilvæga þekkingu og færni hjá starfsfólki til að hægt sé að veita þjónustu sem byggir á nýrri tækni og þekkingu.

### Nám á háskólastigi

Textílmíðstöðin veitir aðstöðu og sinnir próftöku fyrir nemendur í háskóla námi og nemendur hafa aðgengi að námsaðstöðu. Hjá Textílmíðstöðinni eru unnið markvisst að að góðum tengslum við háskóla landsins og rannsóknastofnanir og háskólanemendur og starfsfólk hefur aðgengi að rannsóknainnviðum í textíl bæði til verknáms, rannsókna og þróunar.

Auk hefðbundinna áðurnefndra verkefna samkvæmt er lögð áhersla á þátttöku í innlendum og alþjóðlegum rannsóknarverkefnum.

Verkefni í vinnslu:

- Tracks4Crafts (Horizon Europe)
- Threads (Interreg)
- Fjólublár (Hagnýtt rannsóknarverkefni)
- Þróun námskeiða
- Efling Rannsóknainnviða í textíl með áherslu á textílufgang (Húnabyggð og SSNV)
- Fjölga námskeiðum og þátttakendum
- Endurmenntun starfsfólks
- Efla samstarfsnet og vinna áfram að uppbyggingu klasa og fjölga fulltrúum í fulltrúaráði
- Þátttaka í innlendum og erlendum styrkumsóknum á sérsviði Textílmíðstöðvarinnar.

## Textílmíðstöð Íslands - Áætlun 2026

	Áætlun 2026	Rauntölur	
		2025	2024
Ríkissjóður Íslands .....	34.000.000	36.490.000	24.200.000
<b>Tekjur af verkefnum:</b>			
Erlend verkefni .....	8.500.000	8.539.176	23.676.515
Ríkissjóður ýmsi verkefni .....	0	15.000.000	15.500.000
SSNV .....	1.000.000	1.000.000	4.500.000
Húnabyggð .....	16.000.000	0	0
Aðrar tekjur .....	1.000.000	0	99.750
Tekjur af námskeiðum og annarri þjónustu .....	5.500.000	5.597.400	4.057.074
	32.000.000	30.136.576	48.022.418
<b>Samtals tekjur:</b>	<b>66.000.000</b>	<b>66.626.576</b>	<b>72.222.418</b>
<b>Kostnaður vegna verkefna</b>			
Útlagður kostnaður erlend verkefni 30% .....	2.550.000	2.064.726	2.447.260
Útlagður kostnaður innlend verkefni 35% .....	8.225.000	5.317.610	6.494.186
<b>Laun og launatengd gjöld:</b>			
Laun .....	50.000.000	42.185.464	42.934.589
Launatengd gjöld 24,5% .....	12.250.000	10.331.433	10.534.985
Áunnið orlof, breyting .....		( 1.336.920)	4.715.551
Tryggingar starfsmanna .....	60.000	57.735	54.949
Hlutdeild annarra í launum .....	( 8.880.000)	( 11.926.405)	( 12.947.368)
Annar starfsmannakostnaður .....	590.000	576.932	581.359
<b>Annar rekstrarkostnaður:</b>			
Húsaleiga .....	2.400.000	2.383.992	2.156.739
Viðhald og rekstur .....	70.000	23.064	65.379
Hreinlætisvörur og ræsting .....	30.000	0	28.901
Sími og burðargjöld .....	900.000	883.820	880.733
Ritföng og prentun .....	140.000	95.022	139.046
Bókhald og reikningsskil .....	1.041.600	924.000	924.000
Ferðakostnaður .....	760.000	300.170	759.720
Auglýsingar .....	200.000	149.226	310.005
Keypt áhöld og rekstrarvörur .....	8.000.000	949.679	410.963
Rekstur tölvukerfis .....	550.000	522.818	452.222
Ökutækjastyrkur .....	1.500.000	1.421.672	1.791.038
Tryggingar .....	140.000	148.531	137.894
Funda- og viðskiptakostnaður .....	50.000	111.670	14.855
Annar kostnaður .....	200.000	1.861	191.343
	<b>Samtals gjöld:</b>	<b>55.186.100</b>	<b>63.078.349</b>
	<b>Áætluð afkoma</b> ( 14.776.600)	11.440.476	9.144.069